

Mál nr. 374/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar: (X1) og (X2)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10. október 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 27. október 2025.
3. Bréf V1 dags. 26. nóvember 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 7. maí 2024 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við störf á vegum vinnuveitanda síns, X1, á byggingarsvæði á vegum X2. Atvik hafi verið þau að M var, ásamt samstarfsmanni sínum, Y, að bera loftræstistokk í þar til gerðu loftrými. Y hafi haldið í fremri hluta stokksins og stýrt ferðinni en M haldið við aftari hluta stokksins og fylgt á eftir honum. Þegar M og Y hafi gengið fyrir horn og inn í rúmlega tveggja metra breitt rými hafi verið op í gólfinu við hornið. Vegna stærðar loftræstistokksins hafi M ekki séð opið og hafi það leitt til þess að hann féll niður það og á steipt gólf þremur metrum neðar. Opið hafi ekki verið merkt og engar öryggisgirðingar eða borðar á vettvangi til að vara við því.

Sömu atvikalýsingu er að finna í tilkynningu X1 til Vinnueftirlitsins og tilkynningu til Sjúkratrygginga sem einnig er staðest af X1. Er hún einnig til samræmis við vitnisburð Y í fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 11. maí 2024, en lögregla var kvödd á vettvang slyssins.

Í málskoti kemur fram að augljóst sé að slys M megi rekja til alvarlegra öryggisbresta á vinnustaðnum þar sem hann hafi fallið niður um óvarið op í gólfi án þess að nokkrar fallvarnir eða hindranir væru til staðar. Bendi það til verulegrar vanrækslu á þeirri skyldu vinnuveitanda að tryggja öruggar vinnuaðstæður. Hinn 18. desember 2024 hafi M því gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X2 hjá V2 en V2 hafi, með bréfi dags. 30. september 2025, hafnað kröfunni á grundvelli þess að X2 hafi gert verksamning við X1 sem hafi sjálft stýrt þessu afmarkaða verkefni. M hafi í kjölfarið gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X1 hjá V1 en V1 hafnað kröfunni þar sem M hafi að nauðsynjalausu gengið í átt að opinu. Þá væri helsti orsakavaldur slyssins sá að engar merkingar eða fallvarnir væru til staðar og X1 hafi ekki farið með boðvald á vettvangi og ekki á þess ábyrgð að ganga úr skugga um að öryggisatriði væru fullnægjandi.

Við höfnun kröfu M hafi V2 lagt fram verksamning X1 og X2 en samkvæmt honum hafi X2 haft yfirumsjón með verkinu, verið aðalverktaki á vettvangi og haft umsjón með framkvæmdum. X1 hafi hins vegar borið ábyrgð á öryggisbúnaði og öryggi starfsmanna sinna. Í áhættugreiningu dags. 12. janúar 2024 segi í lýsingu á áhættuþætti nr. 4.6. „Hætta á falli niður um op m.a. þegar hift er á milli hæða“ og ráðstafanir skyldu vera „Setja upp girðingar við op“. Fyrir liggi að það hafi ekki verið gert.

M byggir í málskoti á því að bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingum X1 og X2 enda hafi báðir aðilar brugðist sameiginlegum skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerða settra með stoð í þeim og samkvæmt sameiginlegu áhættumati. Ekkert bendi þá til þess að slysið megi rekja til aðgæsluleysis M sjálfs.

Í bréfi V2, sem á tjónsdegi var vátryggjandi X2, til nefndarinnar er vísað til þess að X1 og X2 hafi gert með sér verksamning um tiltekið verk, og hafi X1 tekið að sér alla vinnu, tæki og efni sem þurftu til verksins. Hafi X1 borið ábyrgð á framkvæmdum og gæðum verksins og þ.á.m. á persónulegum öryggis- og hlífðarbúnaði. Slys M verði því ekki rakið til atvika sem X2 beri skaðabótaábyrgð vegna.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var vátryggjandi X1, er í fyrsta lagi tekið fram að verkefni X1 hafi falið í sér að setja upp loftræstilagnir í húsnæði sem X2 var að byggja. Samkvæmt fyrirliggjandi verksamningi hafi X2 verið aðalverktaki. Einnig komi fram í samningnum að X1 beri að útvega starfsfólki sínu persónulegan öryggis- og hlífðarbúnað. Verði ekki séð að X1 hafi í nokkru brugðist skyldum sínum enda hafi allir starfsmenn þess, þ.á.m. M, verið með nauðsynlegan öryggisbúnað, s.s. hjálma og öryggisgleraugu. Á slysdegi hafi byggingin verið komin vel á veg og framkvæmdir staðið yfir í langan tíma og megi því ætla að umrætt op hafi staðið óvarið um nokkurt skeið án þess að X2 hafi sett upp

viðeigandi merkingar. Byggingin sem um ræði sé 4.200 fermetrar og óraunhæft sé að miða við að X1 hafi borið að rannsaka allt rými hennar með tilliti til slyshætta sem þar kynnu að leynast. Hafi X1 þá haft fullt tilefni til að treysta því að X2 hefði gert viðeigandi öryggisráðstafanir vegna þeirra verkþátta sem þegar höfðu farið fram áður en X1 kom að umræddu verki, enda hafi umrætt op augljóslega verið hluti slíkra framkvæmda. Í umræddum verksamningi sé þá kveðið á um þátttöku X1 í slysavörnum og gefi það orðalag til kynna að slíkar slysavarnir hafi þá átt að vera að frumkvæði og undir stjórn X2 sem aðalverktaka. Verði af framangreindu ekki séð að X1 hafi borið að aðhafast sérstaklega og verði því ekki séð að slys M verði rakið til sakar þess.

Álit.

Af ljósmyndum í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu má sjá að umrætt gat milli hæða, eða milli loftrýmisins og hæðarinnar fyrir neðan er ekki varið með grindum eða varað við því með neinum hætti. Af staðsetningu opsins af myndum að ráða verður þá að telja að fallhætta sé nokkuð augljós, sér í lagi ef þeir sem eiga leið hjá eru með byrðar sem byrgja þeim sín.

Samkvæmt 33.2 gr. í IV. viðauka við reglur nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð skulu öll göt í gólfum og vinnupöllum, sem hætta getur verið á að menn falli niður um vera umgirt handriði sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til handriða, eða hleri settur yfir gatið. Af framangreindu má ráða að það hafi ekki verið gert og verður að telja að þessi vanbúnaður hafi orsakað slys M.

Ekki liggja fyrir nefndinni sjálfstæðar frásagnir frá X1 eða X2 en fyrir liggja annars vegar verksamningur milli þeirra og hins vegar áhættumat sem ber það með sér að hafa verið unnið af X1. Umræddur verksamningur varðar verk við loftræstilagnir sem X1 tók að sér að vinna fyrir X2 sem verkkaupa, en óumdeilt virðist að X2 hafi verið aðalverktaki við bygginguna. Kemur þar m.a. fram að X1 beri ábyrgð á öryggisbúnaði starfsmanna sinna og að tryggja öryggi þeirra og þá skuli X1 taka þátt í m.a. kynningu á helstu hættum og reglum, gerð áhættugreininga og slysavörnum. Kemur þá m.a. fram að umsjón verksins verði í höndum X2 og að starfsmenn X2 og aðrir verktakar verði að vinna við framkvæmd verksins á sama tíma og X1. Í fyrirnefndu áhættumati er m.a. fjallað um hættu á falli niður um op og ráðstöfun til að sporna við þeirri hættu er sögð vera að „setja upp girðingar við op.“

Í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 46/1980 kemur fram að þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, skulu þeir og aðrir, sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum. Með vísan til þessa ákvæðis svo og þess að því hefur ekki verið mótmælt að umrætt op í gólfinu hafi tengst vinnu X2 en ekki X1 verður ekki talið að X2 geti firt sig ábyrgð á aðstæðum á vettvangi með vísan til þess að slys M hafi atvikast við framkvæmd verks sem var á ábyrgð X1. Verður heldur ekki fallist á að slík niðurstaða verði leidd af orðalagi umrædds verksamnings sem virðist miða við það að X2 sjái um samræmingu vinnuverndarstarfs. Verður því að líta svo á að X2 hafi borið skylda til að tryggja öryggi á vinnustaðnum og frágang títtnefnds ops.

Hvað varðar ábyrgð X1 verður að líta til þess að samkvæmt frásögn Y í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu gekk hann á undan M og hélt í fremri hluta loftræstistokksins og ætla má að hann hafi haft betri yfirsýn yfir það hvar þeir fóru um. Verður því að meta honum það til nokkurs gáleysis að hafa ekki varað M við opinu og telja verður að það hafi verið meðverkandi orsök slyss M. Verður þá að líta til þess að í fyrirbyggjandi áhættumati, sem eins og áður segir ber það með sér að hafa verið unnið af X1, er gert ráð fyrir því að girðingar séu settar upp við op. Verður einnig að meta það X1 til sakar að því virðist ekki hafa verið fylgt frekar eftir.

Af framansögðu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er niðurstaða hennar því sú að X1 og X2 beri óskipta skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns síns in solidum úr ábyrgðartryggingum atvinnureksturs X1 hjá V og X2 hjá V2.

Reykjavík, 18. desember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir